

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn hinn 20. ágústmánaðar.

Nr. 19/1906:

Konsúll J. V. Havsteen

gegn

bakara H. Jensen eða

Vald. Thorarensen fyrir hans hönd.

D ó m u r :

Í aprílmánuði 1904 réðst stefndi, bakari H. Jensen til áfryjanda konsúls og kaupmanns J. V. Havsteen til þess að hafa á hendi brauðgjörð í brauðgjörðarhúsi hans á Oddeyri, og skyldi hann hafa í kaup 50 kr. um mánuðinn, auk fæðis og húsnæðis; samningi þeirra mátti segja upp með árs fyrirvara á báðar hliðar. Samningurinn hefir að vísu eigi verið lagður fram í máli þessu milli samningsaðilanna, en þeir virðast vera sammála um ofangreind atriði hans. Þegar hinn 28. júlí 1904 sagði H. Jensen stöðu sinni lausri í þjónustu áfryjanda frá 1. ágúst 1905, en hinn 4. júní 1905 skipaði konsúll J. V. Havsteen honum að fara úr þjónustu sinni næsta dag, sem Jensen og gjörði, en jafnframt höfðaði hann mál á móti Havsteen til skaðabóta fyrir samningsrof, ólöglega burtvísun úr þjónustu hans og vantandi reikningsskil, og var máli því ráðið til lykta með dómi aukaréttar Akureyrarkaupstaðar, uppkveðnum 29. nóv. f.

á., á þá leið, að J. V. Havsteen var dæmdur til að greiða kand. Valdemar Thorarensen fyrir bakara H. Jensen 165 kr. með 5⁰/₁₀ vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, en þetta er kaup Jensens frá 5. júní til 31. júlí f. á., svo og endurgjald fyrir fæði og húsnæði sama tíma. Svo var og J. V. Havsteen með sama dómi fyrirlagt að láta H. Jensen í té endanlegan reikning yfir viðskifti þeirra málsaðilanna, að viðlagðri sekt til bæjar-sjóðs Akureyrar, 1 kr. fyrir hvern dag, er látinn er líða eftir að fullnægingarfrestur dómsins er liðinn, án þess að honum sé hlýtt. Málskostnaður í héraði var látinn falla niður.

Þessum aukaréttardómi hefir konsúll J. V. Havsteen skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 21. marzn. þ. á., og hefir hann krafist þess, að dóminum verði breytt þannig, að hann verði algjörlega syknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Stefndi bakari H. Jensen hefir eigi mætt fyrir yfirdóminum, og enginn fyrir hans hönd, þótt löglega sé stefndur, og verður málið dæmt eins og það er lagt fyrir réttinn af áfrýjanda, samkvæmt N. L. 1—4—32 og tilsk. 3. júní 1796, 2 gr.

Eins og tekið hefir verið fram, ætlaði stefndi að fara úr þjónustu áfrýjanda 1. ágúst f. á., og hafði hann gjört áfrýjanda aðvart um það með árstyrirvara, en áfrýjandi rak hann úr þjónustu sinni fyrirvaralaust áður en þessi tími var liðinn, sem sé 4. júní f. á., og fyrir því hefir stefndi krafist kaupgjalds og fæðis og húsnæðispeninga fyrir tímabilið frá 5. júní til 31. júlí f. á. Úrslit málsins eru nú undir því komin, hvort áfrýjanda hafi verið heimilt að vísa stefnda þannig úr þjónustu

sinni fyrirvaralaust. Til þessa þykist hann hafa haft fullan rétt, fyrir þær sakir stefnda, að hann hafi gjört sig sekan í mótþróa, sýnt skeytingarleysi og vankunnáttu í starfi sínu, gjört sig sekan í óráðvendni, ekki þekt almennar mjöltegundir, farið mjög óvarlega með ljós, rekið burt aðstoðarmenn sína að ástæðulausu, haft í hótunum við áfrýjanda, ónýtt sumt af því er hann bakaði, farið svo óhreinlega með brauðin í meðferðinni, að kaupendur skiluðu þeim aftur, og að hann hafi unnið hjá keppinaut áfrýjanda. Stefndi hefir mótmælt öllum þessum sakargiftum, hverri fyrir sig, sem röngum og rakalausum. Sumar þeirra eru og alveg órökstuddar, svo sem að stefndi hafi sýnt mótþróa, skeytingarleysi og vankunnáttu í starfi sínu, ekki þekt almennar mjöltegundir, farið óvarlega með ljós og rekið burtu aðstoðarmenn sína. Sama er að segja um þá sakargift, að hann hafi haft í hótunum við áfrýjanda. Að vísu eru framlögð 4 bréf frá stefnda, sem eiga að sanna þetta; bréfin eru ókurteisleg og sýna það, að stefndi er eigi ritfær maður, og að hann kann eigi að stilla orðum sínum; þau lýsa óánægju stefnda við áfrýjanda og að hann vill helst hætta að baka fyrir hann og að hann jafnvel helst vill fara í málaferli við hann út af viðskiftum þeirra. En bréfin verða eigi skilin svo, að í þeim felist hótanir gegn áfrýjanda svo lagaðar, að hann fyrir þá sök hafi getað rekið stefnda fyrirvaralaust úr þjónustu sinni. — Óráðvæðnisáburðurinn á stefnda lýtur að því, að hann hafi tekið í leyfisleysi inni hjá áfrýjanda nokkra vindla og að hann hafi ekki skilað öllum þeim brauðum, er hann hafi bakað. Hið fyrra atriði er með öllu ósannað. Um hið síðara atriðið hefir

áfrýjandi upplýst, að eftir dagbók brauðgjörðarhússins hafi stefndi bakað frá 1. jan. til 1. júní 1905 2017 brauð, en eftir dagbók brauðbúðarinnar (brauðsöluhúss áfrýjanda) hafi þar verið veitt móttaka á sama tíma 1691 brauði. Áfrýjandi heldur því nú fram samkvæmt þessu, að stefndi hafi dregið undan eða eigi staðið skil á 326 brauðum. En engin sönnun er fengin fyrir þessu önnur en ofanefndar dagbókarskýrslur, og stefndi hefir staðfastlega neitað því, að hann hafi dregið nokkuð af brauðunum í sinn sjóð, eða ráðstafað þeim öðruvísi en til húsbónda síns, sem þá var (áfrýjanda). Sérstaklega hefir hann neitað því, að dagbók brauðbúðarinnar geti verið nokkur sönnun gegn honum í þessu efni, því engin víska sé fyrir því, að brauð þau öll, er hann hafi afhent, séu innfærð í hana, og svo geti þar eigi verið tilgreind þau brauð, er væntanlega hafi verið í eftirstöðvum («i Behold») í brauðgjörðarhúsinu um mánaðamótin maí — júní f. á. Það kemur eigi heldur til mála, að telja dagbók brauðbúðarinnar eina nægilega sönnun fyrir óráðvendni stefnda í þessu atriði, og verður þá eigi heldur álitid að áfrýjandi hafi getað vísað stefnda úr þjónustu sinni fyrir þessa skuld, sem eigi er sönnuð á annan veg. — Þá hefir áfrýjandi gefið stefnda það að sök, að hann hafi ónýtt skonroksbrauð, er hann hafi bakað, og að hann hafi farið svo óhreinlega með brauðin, að kaupendur hafi skilað þeim aftur. Það virðist sannað í málinu, að brauð, sem stefndi bakaði, hafi orðið ónýtt og að sumum hafi verið skilað aftur fyrir þá sök, að þau hafi verið óhreinleg. En hitt er ekki sannað í málinu, að hann einn eigi sök á þessu. Hann hefir haldið því fram, að þetta hafi stafað sum-

part af því, að áfrýjandi hafi lagt til lakara mjöl í brauðin en vera átti og enda skipað stefnda að »baka skonrok úr brauðsalla undan tvíbökum, kringlum« o. s. frv., og sumpart af því, að skonrokið hafi verið geymt á vondum stað, sem eigi hafi verið hæfilegur til slíkrar geymslu. Þó að því nokkru af brauði hafi verið fleygt — en eftir vitnisburði í málinu hefir það verið lítið — og þó að nokkru hafi verið aftur skilað fyrir þá sök að brauðin ekki þóttu góð, þá gat þetta stafað bæði af laklegu efni í brauðin og lélegu geymslurúmi fyrir þau, því að ekkert er til hlítar sannað um það í málinu, hvernig þessu hafi verið varið, en þá verður þetta eigi heldur talin svofeld sök fyrir stefnda, er réttlæti burtrekstur hans úr þjónustu áfrýjanda. Þar sem áfrýjandi loks hefir gefið stefnda það að sök, að hann hafi unnið hjá keppinaut sínum, þá er sú skýrsla gjörð um þetta, að hann hafi 2. júní f. á. verið sem svarar 1 klukkustund í félagsbakaríinu svonefndu á Oddeyri við brauðgjörð (»að leggja upp brauð«). Hefir stefndi kannast við þetta, en heldur því fram, að hann hafi eigi rofið samning sinn við áfrýjanda með þessu, og að hann hafi engan skaða gjört honum með því. Með því að samningur málsaðilanna hefir eigi verið framlagður, verður eigi neitt um það sagt, hvort þar hafi verið gjörð ákvæði um það, að stefndi alls eigi mætti vinna handtak fyrir aðra. Áfrýjandi hefir eigi heldur haldið því fram, að þvílík ákvæði hafi verið í samningnum. Þar sem nú annars ekkert er komið fram um það í málinu, að stefndi hafi fyrir þessa skuld vanrækt starf sitt í brauðgjörðarhúsi áfrýjanda eða að hann hafi ráðist í þjónustu annara, sem sé eiganda félagsbökunarhússins.

og samkvæmt því unnið þetta starf þar, þykir þetta einstaka atvik eigi hafa þá þýðingu, að það hafi getað heimilað áfryjanda að reka stefnda úr þjónustu sinni fyrirvaralaust.

Samkvæmt því, sem að framan er greint, verður að fallast á þá niðurstöðu í málinu, er héraðsdómariinn hefir komist að, sem er, að áfryjanda hafi, eftir atvikum þeim er fyrir lágu, brostið heimild til að reka stefnda fyrirvaralaust úr þjónustu sinni hinn 4. júní f. á. og að stefndi fyrir því eigi réttmæta kröfu á hendur áfryjanda til kaupgjalds, fæðispeninga og endurgjalds fyrir húsnæði fyrir tímann frá 5. júní til 31. júlí f. á. og verður í þessu efni að taka kröfuupphæð stefnda, 165 kr., til greina, því að áfryjandi hefir eigi sérstaklega athugað neitt við sjálfa þessa upphæð, eða hina einstöku liði í henni. Svo bera og stefnda vextir af þessari upphæð, eins og þeir eru ákveðnir í héraðsdóminum. Eftir samingi málsaðilanna, sem áður er frá skýrt, átti áfryjandi að greiða stefnda 50 kr. kaup um mánuðinn auk fæðis og húsnæðis; í máli þessu hefir það eigi komið fram, að þeir hafi haft nokkur önnur skuldaskifti eða viðskifti, er skuldareikningur gæti af risið. Fyrir því verður það eigi séð, að ástæða sé til þess að taka til greina kröfu stefnda um að áfryjandi láti honum í té endanlegan reikning yfir viðskifti þeirra, enda hefir krafa þessi eigi verið frekar rökstudd, og sérstaklega eigi bent á af hálfu stefnda, í hverju viðskifti þessi væru fólgin. Það virðist liggja eins beint við, að stefndi gæfi áfryjanda reikning yfir viðskiftin, eins og að áfryjandi gefi reikning út til stefnda. Fyrir því þykir eiga að breyta hinum áfryjaða dómi í þessu máli svo, að eigi sé lögð á

áfrýjanda skylda til áminstra reikningsskila, sem hann hefir sérstaklega mótmælt af sinni hálfu.

Eftir þeim úrslitum, sem málið þannig fær, þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi kaupmaður og konsúll J. V. Havsteen greiði stefnda bakara H. Jensen 165 kr. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður fellur niður.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. októbermánaðar.

Nr. 21/1906:

Pétur Þórðarson

gegn .

héraðslækni Guðm. B. Scheving.

Dómur:

Með aukaréttardómi Strandasýslu, gengnum 26. desbr. 1905, var áfrýjandi þessa máls Pétur Þórðarson dæmdur fyrir ærumeiðandi ummæli um stefnda Guðmund B. Scheving héraðslækni, í 20 kr. sekt til lands-sjóðs, en til vara í 6 daga einfalt fangelsi, og voru hin átöldu orð dæmd dauð og marklaus; ennfremur var